



Staða timburvinnslu á Íslandi

Ólafur Eggertsson

Land og skógur og Landbúnaðarháskóli Íslands (olie@logs.is og olie@lbhi.is).

Mikil þörf er á að finna leiðir til að nýta betur hráefni úr íslenskum skógum. Í dag er uppsöfnuð þörf á grisjun og umhirðu í okkar elstu skógum og mun hún aukast mikið eftir því sem skógarnir stækka og dafna á næstu áratugum. Áætlað er að frá 2030 verði hægt að nýta yfir 50 þúsund rúmmetra af bolviði árlega úr skógum landsins, aðalega grisjunarvið. Í dag tökum við út úr skógunum um 5.000 rúmmetra árlega. Helstu afurðir sem framleiddar eru í dag eru eldiviður, viðarkurl, borðviður, klæðningar, brettaefni, gólfefni, spænic, viðarperlur, borð og bekkir og fleira. Heildarverðmæti viðarafurða úr íslenskum skógum er að meðaltali um 250 milljónir króna á ári miðað við síðustu fjögur ár (2020-2023, Skógræktarritið).

Einn mikilvægur þáttur í framtíðarnýtingu og sölu á íslenskum timburafurðum er svokölluð CE-vottun fyrir íslenskt timbur. Hún er forsenda markaðssetningar á vörum innan Evrópu-sambandsins og fljótlega verður sú vottun komin í hús. Einnig er unnið að FSC-vottun, sem tryggir að timbrið komi úr sjálfbærum skógum. Slík vottun er skilyrði fyrir útflutningi á innlendum timburvörum þegar þar að kemur.

Helstu aðilar sem sinna viðarvinnslu í dag eru Land og skógur, skógræktarfélagin, skógarbændur, Tandrabretti á Eskifirði og Skógarafurðir ehf. í Fljótsdal. Í nýrri skýrslu frá Eflu verkfræðistofu, „Úr skógi – skógarafurðir á Íslandi“, eru taldar upp ýmsar vörur sem væri hægt að framleiða úr íslensku efni, svo sem garðhýsi, gufuböð, krosslímðar timbureiningar og límtré. Einnig hafa nokkrir aðilar áhuga á því að hanna og byggja íbúðarhús alfarið úr íslenskum efnivið, og er sú vinna þegar farin af stað.

Til að nýta hráefni skóganna betur þarf að yfirstíga ýmsar áskoranir. Nauðsynlegt er að bæta aðgengi að og innan skóga, skipuleggja vel grisjun og flokkun timburs og koma upp góðri þurrkunar- og vinnsluáðstöðu í þeim landshlutum þar sem framboð af efnivið er hvað mest. Einnig þarf að skoða möguleika á miðlægu sölukerfi fyrir viðarafurðir til að stytta biðtíma og auðvelda afhendingar og söluferli (heimild: Úr skógi). Slíkt kerfi myndi auka hagkvæmni, bæta nýtingu hráefnis og stuðla að auknum verðmætum í íslenskri viðarframleiðslu. Með markvissri þróun og uppbyggingu á innviðum skógarafurðaiðnaðarins má skapa ný tækifæri til innlendarar viðarframleiðslu og stuðla þannig að sjálfbærri og arðbærri nýtingu íslenskra skóga.

